

Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 11. júlí 2019

### Efni: Umsögn um verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttis laga

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin), hafa tekið til umsagnar verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttis laga sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 28. júní sl. Verkefnisáætlunin gerir ráð fyrir skipun stýrihóps sem vinni frumvarp til nýrra heildarlaga um jafnrétti kynjanna. Fyrirhugað er að stýrihópurinn verði skipaður skrifstofustjóra skrifstofu jafnréttismála, lögfræðingi á skrifstofu jafnréttismála, ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og lögfræðingi frá félagsmálaráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn vinni með fjórum undirhópum um afmörkuð viðfangsefni.

SA gera athugasemdir við það að hve takmörkuðu leyti samtökunum er ætluð aðkoma að endurskoðun laganna. Einungis er gert ráð fyrir SA í undirhóp A um launajafnrétti og vinnumarkað. Til stendur að endurskoða kæruleiðir og viðurlög (undirhópur B) en slík ákvæði geta haft veruleg áhrif á fyrirtæki og atvinnulíf. Að sama skapi ættu samtökin að eiga aðild að undirhópi C sem fjallar um hlutverk Jafnréttisráðs. Þar sem Jafnréttisráð er eftirlitsaðili með vinnumarkaði telja SA rétt að aðilar vinnumarkaðarins geti tekið þátt í þeirri vinnu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Heiðrún B. Gísladóttir*

Heiðrún Björk Gísladóttir